

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita, að fengnu áliði Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða á svæðum, þar sem loðnuveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyttni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 720.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 1 596.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjóra Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978, og birtist til eftirbreyttni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.